

Mývatnsstofa ehf  
Hraunvegi 8  
660 Mývatn

Vestmannaeyjum 12. apríl 2019  
UST201903-140/P.V.B.  
09.07.01

## **Efni: Umsókn um leyfi til viðburðahalds á friðlýstum svæðum - Dimmuborgir - Hraunhlaup**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Mývatnsstofu ehf, dags. 15. mars 2019, um leyfi til að halda viðburðinn Hraunhlaup í Dimmuborgum. Óskað er eftir því að leyfið gildi til þriggja ára, þ.e. 2019 til 2021.

Dimmuborgir eru friðlýstar sem náttúruvætti sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 1262/2011. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annna hátt jarðmyndanir, spilla gróðri eða trufla dýralíf í náttúruvættinu. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum athöfnum og viðburðum svo sem stærri samkomum og kvikmyndun.

### ***Lýsing verkefnis:***

Hraunhlaup er hlaupakeppni í Mývatnssveit. Hlaupi verður startað við inngang í Dimmuborgir og keppendur hlaupa 1,6 km leið eftir Kirkjuhringnum og fara úr í gegnum Gatklett í átt að Hverfjalli. Gert er ráð fyrir allt að 150 keppendum árið 2021 en árið 2018 hlupu 40 manns. Áætlað er að keppendum fjölgi ár hvert. 1-2 starfmenn munu koma að hlaupinu innan Dimmuborga sem hlaupaverðir. Mun einn hlaupavörður fylgja hópnum og vera seinastur. Hlutverk hans er að tína upp rusl og merkingar þar sem við á. Hlaupaleiðin verður merkt með flöggum á grönnum járnþömlum sem hægt er að stinga niður í jörð. Ekki stendur til að takmarka aðgengi annara gesta að hlaupaleiðinni á meðan hlaup fer fram. Ef óskað er eftir verða settar upp merkingar við innganginn í Dimmuborgir til að láta gesti vita af fyrirhugaðri keppni. Keppendur verða beðnir um að sýna öðrum gestum á svæðinu tillitsemi. Stefnt er að því að hlaupið fari fram seinasta föstudag í maí kl 18:00 ár hvert.

### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins en hlaupið verður eftir eftir stígum alla leið sem bera vel þá umferð sem um svæðið fer. Hlaupið fer fram á tíma sem gestafjöldi er lítill og háannatími ferðapjónustunar ekki hafin sem takmarkar neikvæð áhrif á gesti svæðisins.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir viðburðinum Hraunhlaup innan Dimmuborga seinasta föstudag í maí á tímabilinu 2019-2021, eins og lýst er hér að ofan, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal starfsmanni Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Stjórnendur viðburðarins skili til Umhverfisstofnunar, a.m.k. viku áður en keppni hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd keppinnar. Í áætlun skal m.a. koma fram, fjöldi þáttakenda og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Aðstandendur viðburðarins tryggji að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi, hvorki á/við hlaupaleiðir né á upphafsstað hlaups. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja hlaupaleiðina verði fjarlægðar strax að viðburði loknum.
- Óheimilt er að hlaupa utan merktra stíga.
- Þáttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins á þeim stígum sem viðburðurinn fer fram og við startið.
- Stjórnendur viðburðarins upplýsi þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á merktri hlaupaleið til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri og jarðminjum.
- Koma skal fyrir merkingum við innganga að Dimmuborg frá hádegi á keppnisdegi þar sem gestir svæðisins eru upplýstir um hlaupið og tímasetningu þess.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir  
Sviðsstjóri

David Örvar Hansson

Davíð Örvar Hansson  
Teymisstjóri